

Ágætu foreldrar og starfsfólk Korpuskóla og Víkurskóla

Stýrihópur um sameiningu Korpuskóla og Víkurskóla hélt annan fund sinn 19. ágúst sl. Eins og fram kom í fyrsta upplýsingapósti sitja í hópnum skólastjórar skólanna auk fulltrúa starfsmanna og foreldra, fulltrúi Gufunesbæjar og fulltrúi Miðgarðs ásamt fjórum fulltrúum frá Menntasviði Reykjavíkurborgar.

Hópurinn er skipaður með erindisbréfi frá fræðslustjóra og mun starfa til 15. júní 2012. Fram til næstu áramóta er hópnum stýrt af skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu á Menntasviði en frá áramótum mun nýráðinn skólastjóri hins sameinaða skóla stýra starfi hópsins.

Fundurinn var haldinn í Víkurskóla. Skólastjórar Víkurskóla, Árný Inga Pálsdóttir, og Korpuskóla, Margrét Einarsdóttir, kynntu starf og sérkenni skólanna. Brynja Dís Björnsdóttir verkefnastjóri í Álfhólsskóla sagði frá



ferli við sameiningu Digranesskóla og Hjallaskóla í Kópavogi.

Ingibjörg Gísladóttir frá Menntasviði kynnti verkefnagreiningu sem áætlað

er að fari fram á þriðja fundi hópsins. Þá verður viðfangsefni hópsins greint frekar og unnið að verkáætlun, leiðarljósi fyrir starf hópsins og markmið og leiðir að þeim ræddar.



Kynnt var samþykkt menntaráðs frá því í júní þar sem kemur fram að sameinaðir skólar, leikskólar og/eða grunnskólar, skuli fá nýtt nafn og að almenn samkeppni fari fram um nafnið.

Einnig var kynnt opin vefsíða með upplýsingum um sameiningarnar. Þar má finna erindisbréf hópanna, fundargerðir og upplýsingapósta. Efni verður bætt á síðuna eftir því sem það berst. Slóðin er: <http://www.reykjavik.is/skoliogfristund>

Einnig er hægt að fara inn á vef Menntasviðs: <http://www.menntasvid.is> og velja hnapp hægra megin á síðunni sem á stendur „skóli og frístund“.

Næsti fundur hópsins verður í Korpuskóla föstudaginn 9. september kl 8:30.

Bestu kveðjur,

fyrir hönd stýrihópsins,

Auður Árný Stefánsdóttir



